

Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við HÍ

Ársreikningar stofnana - breytingar og næstu skref

Fjársýslan – uppgjörssvið

Erindi 1. nóvember 2016

Pórir Ólafsson

forstöðumaður uppgjörssviðs

Yfirferð

1. Lög um opinber fjármál
 1. Reikningsskil og skýrslugerð
 2. Fjársýslan
 3. Reglugerð
 4. Áætlanagerð
 5. Gildistaka
2. Framkvæmd fjárlaga
3. Innra eftirlit



Lög um opinber fjármál

Meginbreyting

- Innleiðing IPSAS (International Public Sector Accounting Standards)
 - Skýrar alþjóðlegar reglur
 - Rekstrargrunnur
 - Tekjufæra allar tekjur sem krafa hefur myndast um
 - Gjaldfæra allan kostnað við starfsemi ársins
 - Allt með, tekjur og gjöd innan ársins og eignir og skuldir í árslok.
 - Skilgreining á öllum liðum reikningsskila
 - Tekjur það sem eykur nettó eign á árinu og
 - gjöld það sem minnkar nettó eign á árinu
 - Draga fram skýrari fylgni við fjárlög og ábyrgðaraðila
 - Ráðuneyti ber ábyrgð á stofnunum – þurfa því uppgjör sem eru áreiðanlega og traust

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

49. gr. Skýrslur og upplýsingar.

Skýrslur og upplýsingar um ríkisfjármál skulu vera greinargóðar, áreiðanlegar og settar fram tímanlega og birtar opinberlega.

Ráðherra hefur eftirlit með því að reikningsskil og skýrslugerð sé í samræmi við ákvæði laga þessara.

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

52. gr. Gerð og framsetning reikningsskila.

Reikningsskil fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild skulu gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn.

.....

Reikningsskil fyrir einstaka ríkisaðila í A-hluta skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga, nr. 3/2006.

53. gr. Reikningsár ríkisaðila.

Reikningsár ríkisaðila skal vera **almanaksárið**.

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

54. gr. Gerð og skil ársreikninga í A-, B- og C-hluta.

Ársreikningur ríkisaðila í A-hluta skal uppfylla kröfur laga um ársreikninga, nr. 3/2006, sbr. 52. gr. Jafnframt skal þar sýna:

1. Samanburð á rauntölum og fjárveitingum til rekstrar, rekstrartilfærslna, fjármagnstilfærslna og fjárfestingar.

2. Yfirlit um breytingar á fjárveitingum og stöðu þeirra í árslok.

Fjársýsla ríkisins setur leiðbeiningar um framsetningu upplýsinga í ársreikningum.

Ríkisaðilar í A-hluta skulu **skila ársreikningi og eignaskrá til Fjársýslu ríkisins, hlutaðeigandi ráðherra og Ríkisendurskoðunar eigi síðar en 28. febrúar ár hvert.**

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

Yfirlit um afkomu fyrir árið 2015					
		2015		2014	
	Skýr	Raun	Heildarfjár-heimildir	Raun	Heildarfjár-heimildir
Tekjur					
Skatttekjur	3	66.055		60.968	
Aðrar ríkistekjur	3	4.953		5.134	
Ríkistekjur samtals		71.008	0	66.102	0
Sala á vöru og þjónustu	4	16.866		16.472	
Vaxta- og arðstekjur	5	3.524		3.205	
Aðrar tekjur	6	3.615		3.420	
Tekjur af starfsemi samtals		24.005	0	23.097	0
Tekjur (án söluhagnaðar) samtals		95.013	0	89.199	0

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

Yfirlit um afkomu fyrir árið 2015					
		2015		2014	
	Skýr	Raun	Heildarfjár- heimildir	Raun	Heildarfjár- heimildir
Gjöld					
Tilfærslur, framlög og styrkir	7	23.723		23.360	
Starfsmannakostnaður	8	21.124		20.484	
Afskriftir og niðurfærslur	9	4.842		4.872	
Annar rekstrarkostnaður	10	35.910		35.225	
Vaxtagjöld	11	4.563		4.400	
Samtals gjöld (án sölutaps)		94.272	0	91.842	0
Rekstrarafkoma fyrir söluhagnað/(-tap)		414	0	(2.802)	0
Afkoma af fjármálagerningum	13	6.196		4.820	
Afkoma af ófjárhagslegum gerningum	14	(1.649)		540	
Söluhagnaður/ (-tap) samtals		4.547	0	5.360	0
Rekstrarafkoma		5.771	0	2.939	0

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð

Efnahagsreikningur 31. desember 2015					
		2015		2014	
		Raun	Fjárlög	Raun	Fjárlög
	Skýr				
Eignir					
Sjóður og handbært fé		11.982		11.888	
Kröfur	15	17.602		18.221	
Markaðsverðbréf, lánveitingar og afleiður	16	54.298		48.457	
Eignarhlutar í félögum	17	25.408		20.596	
Útlán	18	26.497		24.756	
Birgðir		995		1.099	
Aðrar eignir		2.389		2.510	
Varanlegir rekstrarfjármunir	19	124.558		116.306	
Hlutdeildareignir	20	11.918		10.071	
Óefnislegar eignir		3.056		2.920	
Eignir samtals		278.703	0	256.824	0

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð

Efnahagsreikningur 31. desember 2015					
		2015		2014	
		Raun	Fjárlög	Raun	Fjárlög
	Skýr				
Skuldir					
Skammtímaskuldir	21	11.953		12.117	
Frestaðar tekjur		2.112		1.962	
Lántökur	22	112.580		103.419	
Vátryggingaskuldir	23	36.431		35.825	
Lífeyrisskuldbindingar	24	10.834		10.885	
Reiknaðar skuldbindingar, varúðarfærslur	25	7.221		6.955	
Skuldir samtals		186.467	0	176.127	0
Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals		92.236	0	80.697	0
Eigið fé	26				
Hrein eign		19.354		13.218	
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna		67.107		62.225	
Annað eigið fé, varasjóðir		(7)		43	
Samtals eigið fé		92.236	0	80.697	0
Skýringar með ársreikningi (þmt reikningsskilaaðferðir) eru óaðskiljanlegur hluti þessa yfirlits					

	Skv Fjárreiðulögum	Skv LOF
Varanlegir rekstrarfjármunir	Gjaldfært við kaup	Eignfært og afskrifað
Óefnislegar eignir	Gjaldfært við kaup	Eignfært og niðurfært
Birgðir	Ýmist eignfært eða gjaldfært	Eignfært og gjaldfært við notkun
Skuldbindingar og varúðarfærslur	Hefur ekki verið fært, undantekningar	þarf að reikna og færa í efnahag og til gjalda/eigna eftir atvikum eða geta um í skýringum ef slík óvissa er að ekki sé hægt að reikna
Leigusamningar (lengri tími)	Upplýst í skýringum	Eign og skuldfært að uppfylltum ákveðnum skilyrðum
Orlof	Ekki fært	Gjaldfært og skuldfært í lok reikningsskilatímabils
Tekjur	Almennt færðar þegar til hefur stofnast	Færðar um leið og réttur til þeirra myndast
Kostnaður	Almennt færur á tímabil notkunar	Fært þegar til er stofnað, ef fyrirframgreitt þá á að dreifa kostnaði á rétt tímabil og ef eftirágreitt þá ber að áætla

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð

- Um aðra liði reikningsskila gilda ákvæði ársreikningalaga
 - t.d. skýringar og upplýsingar um reikningsskilaaðferðir.

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

57. gr. Undirritun ríkisreiknings.

Með ríkisreikningi skal fylgja undirritun ráðherra og fjársýslustjóra til staðfestingar því að reikningurinn sé gerður í samræmi við lög og reglur sem gilda um reikningsskil ríkisins og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til glöggvunar á afkomu og stöðu ríkissjóðs.

.....

Lög um opinber fjármál

V. kafli. Reikningsskil og skýrslugerð.

61. gr. Ársfjórðungsskýrsla fyrir A-hluta ríkissjóðs.

Innan þrjátíu daga frá lokum hvers ársfjórðungs skal ráðherra birta skýrslu á grundvelli uppgjörs Fjársýslu ríkisins um rekstur og efnahag í A-hluta ríkissjóðs innan ársins til loka viðkomandi ársfjórðungs.

.....

Reglugerð


67. gr. Reglugerðarheimild.

Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- 3. **skilgreiningu á málefnasviðum og málaflokkum** sem byggist á alþjóðlegum staðli um flokkun gjalda eftir tilteknum efnissviðum, að fengnu áliti reikningsskilaráðs ríkisins, sbr. 16. gr.,
- 7. flutning fjárheimilda milli ára, sbr. 30. gr.,
- 8. nánari **skyldur og ábyrgð forstöðumanna** við framkvæmd fjárlaga, sbr. 35. og 36. gr.,
- 9. reglur og frekari **takmarkanir á leyfilegri sjóðsstöðu** og um sjóðsstýringu, sbr. 37. gr.,
- 11. **ráðstöfun eigna** ríkisins og um **kaup og leigu á fasteignum**, sbr. 45. gr.,
- Ráðherra setur, að fengnum tillögum Fjársýslu ríkisins, **reglugerð um bókhald og launaafgreiðslu einstakra ríkisaðila í A-hluta**, sbr. 64. gr. Þar skal m.a. koma fram hvaða hlutlægu skilyrði ríkisaðilar þurfi að uppfylla til að þeir geti sjálfir annast færslu bókhalds og launaafgreiðslu, svo sem um starfsmannafjölda eða fjárhagslegt umfang starfsemi.

Gildistaka

- 68. gr. Gildistaka.
- Lög þessi öðlast gildi **1. janúar 2016**.
- Ákvæði til bráðabirgða.
- Í þrátt fyrir ákvæði 68. gr. skulu frumvörp til fjáráukalaga og lokafjárlaga til og með árinu 2016 fylgja ákvæðum laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997. Sama gildir um ársreikninga ríkisaðila til og með árinu 2016.
- Þrátt fyrir ákvæði 68. gr. **gilda ákvæði laga um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, um uppgjör ríkisreiknings til og með árinu 2016. Við mat á áhrifum launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga skal beitt sömu aðferðum og í ríkisreikningi fyrri ára. Með sama hætti skal áfallið orlof ekki reikningsfært** hjá einstökum stofnunum eða ríkissjóði í heild.



Fine